

Verklagsreglur vegna smithættu af sorpi og meðhöndlun úrgangs vegna heimsfaraldurs

Þessar verklagsreglur eiga við um starfsmenn sem vinna við meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorphirða, flutningur, flokkun og förgun. Verklagsreglurnar taka gildi þegar sýkingar eru orðnar almennar í heimahúsum eða þegar Umhverfisstofnun gefur út tilmæli um að vinna skuli eftir reglunum. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Landlæknis (landlaeknir.is).

Notkun persónuhlífa

Nota skal persónuhlífar við meðhöndlun úrgangs. Viðeigandi persónuhlífar eru:

- Einnota hanskar
- Einnota hlífðarfatnaður, t.d. einnota vinnugalla.

Meðhöndlun úrgangs

Starfsmenn skulu af fremsta megni gæta varúðar við meðhöndlun úrgangs.

- Sorphílát skulu ekki opnuð heldur flutt beint í sorphirðubíla.
- Forðist að snerta sorp.
- Forðist að snerta andlit með hlífðarhönskum, gætið sérstaklega hreinlætis kringum augu, nef og munn.

Frágangur að lokinni meðhöndlun úrgangs

- Hlífðarbúnaður fjarlægður og settur í poka til förgunar.
- Þvo og spritta hendur.
- Sótthreinsa fleti sem mögulega hafa verið snertir með hönskum, s.s. haldföng í sorphirðubílum.